



Fréttatilkynning
03 February 2025 08:45:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun – vika 5

Vísað er til tilkynningar Íslandsbanka hf. sem birt var 22. janúar 2025 um áframhaldandi framkvæmd endurkaupaáætlunar á eigin bréfum sem upphaflega var tilkynnt um 14. júní 2024. Í viku 5 keypti Íslandsbanki hf. (bankinn) 2.250.000 eigin hluti að kaupverði alls kr. 275.175.000 eins og nánar er greint í þessari tilkynningu.

Í viku 5 keypti Íslandsbanki hf. (bankinn) 2.250.000 eigin hluti að kaupverði alls kr. 275.175.000 eins og nánar er greint frá hér á eftir:

Dagsetning	Tímasetning viðskipta	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð	Kaupverð (kr)	Eigin hlutir eftir viðskipti
28.1.25	09:34	450.000	122,00	54.900.000	112.884.211
28.1.25	09:59	450.000	122,00	54.900.000	113.334.211
29.1.25	09:48	450.000	122,00	54.900.000	113.784.211
30.1.25	10:18	450.000	122,50	55.125.000	114.234.211
31.1.25	09:32	450.000	123,00	55.350.000	114.684.211
	Samtals	2.250.000		275.175.000	

Fyrir framangreind viðskipti í viku 5 átti bankinn 112.434.211 hluti, sem nemur 5,62% af útgefnum hlutum. Í þessari umferð endurkaupa hefur bankinn keypt 3.150.000 hluti, sem nemur 0,16% af útgefnum hlutum og nemur heildarkaupverð eigin hluta samtals kr. 386.775.000 í umferðinni.

Í þessari umferð endurkaupa er áætlað að kaupa allt að 10 milljón hluti sem jafngildir 0,50% af útgefnum hlutafé bankans, þó þannig að heildarfjárhæð endurkaupanna að þessu sinni verði aldrei meiri en samtals kr. 1.000.000.000. Endurkaupunum var haldið áfram 23. janúar síðastliðinn og munu standa yfir þar til öðru hvoru framangreindra viðmiða um magn eða fjárhæð er náð, en þó aldrei lengur en til 26. mars 2025.

Frá upphafi endurkaupa í febrúar 2023 hefur bankinn keypt samtals 114.684.211 eigin hluti eða sem nemur 5,73% af útgefnum hlutum í bankanum.

Framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar verður í samræmi við viðeigandi lög og reglur, þ.á m. lög um hlutafélög nr. 2/1995, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596 /2014 og framselda reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1052, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021 og reglugerðar nr. 320/2022 um sama efni. Samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna kaupa bankans á eigin hlutum er fyrirliggjandi.



Fréttatilkynning
03 February 2025 08:45:00 GMT

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun – vika 5](#)